

# THE Lion

Blað nr. 225


ÍSLENSK ÚTGÁFA



**We Serve**

Júlí / ágúst 2004

## Alþjóðaforseti Lions 2004–2005 Clement F. Kusiak og kona hans Jeanne



Júlí / ágúst 2004 Blað nr. 225  
THE LION IN ICELANDIC  
FJÖLUMDÆMI 109  
Multiple District 109 Iceland

Opinbert málagn Lions Clubs International, gefið út í umboði alþjóðastjórnar Lions á tuttugu tungumálum: dönsku, ensku, farsku, finnsku, flæmsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, japönsku, kínversku, kóresku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku, tælensku, tyrknesku og þýsku. Þrjátíu Lionsblöð eru gefin út í heiminum.

Útgefandi THE LION á íslensku:  
FJÖLUMDÆMI 109

Tímariðið the Lion kemur út sex sinnum á ári.

Lionsskrifstofan, Sóltúni 20, 105 Reykjavík  
er opin frá kl. 12.00 til 15.00  
Sími 561 3122  
Fax: 561 5122  
e-mail / netfang: lions@lions.is

#### Ritstjóri:

Ólafur Briem  
Grundarlandi 22, 108 Reykjavík,  
Sími: 561 3122, netfang: lions@lions.is

#### Setning, umbrot, prentun:

Prentsmiðjan Gutenberg hf.  
Síðumúla 16, 108 Reykjavík

#### FJÖLUMDÆMISRÁÐ FJÖLUMDÆMIS 109

##### Starfsárið 2004-2005

Pórunn Gestsdóttir, fjöllumdæmisstjóri  
Geir Hauksson, umdæmisstjóri 109 A  
Stefán Skarphéðinsson, umdæmisstjóri 109 B  
Árni Stefán Guðnason, fjöllumdæmisgjaldkeri  
Örn Gunnarsson, fjöllumdæmisritari og netstjóri  
Kristinn Hannesson, unglingskviptastjóri  
Hrúnd Hjaltadóttir, fræðslustjóri  
Margrét Jónsdóttir, félaganefndarstjóri  
Einar Þórðarson, félagsstjóri  
Jón Bjarni Þorsteinsson, alþjóðasamskiptastjóri og fv. Alþjóðastjórnarmaður  
Halldór Kristjánsson, kynningarstjóri  
Pórólfr Arnason, LCIFstjóri  
Edda J. Briem, Lionsleiðsögumaður  
Pórhildur Gunnarsdóttir, Lions-Queststjóri  
Magnús B. Einarson, MedicAlertstjóri  
Jón Eyjólfur Jónsson, menningarstjóri  
Magnús Steingrímsson, mynja og skjalavörður  
Þór Steinarsson, NSR/AU samstarfsnefndarmaður  
Norðulanda

Ólafur Briem, protokolstjóri og ritstjóri Lionsblaðsins  
Guðmundur Bjarnason, sjónverndar- og heilbrigðisstjóri  
Sigrún Steinsdóttir, umhverfisstjóri  
Pálmi Hannesson, útbreiðslustjóri  
Laufey Jóhannsdóttir, útbreiðslustjóri kvenna  
Guðmundur Finnþogason, verkefnastjóri  
Hörður Sigurjónsson, þingstjóri  
Guðmundur Rafnar Valtýsson, varaumdæmisstjóri 109 A  
Valdimar Þorvaldsson, varaumdæmisstjóri 109 B  
Björn Guðmundsson, fv. alþjóðastjórnarmaður

Frankvæmdastjórn Lionshreyfingarinnar 2004-2005:  
International President Clement Kusiak, Maryland, USA.  
Immediate Past President Dr. Tae-Sup Lee, Seoul, Republic of Korea.  
First Vice President Ashok Mehta, Mumbai, India.  
Second Vice President Jimmy Ross, Quitaque, Texas, USA.

#### Alþjóðastjórnarmenn 2004-2005:

Lowell J. Bonds, Hoover, Alabama, USA.  
Gary L. Brown, Urbana, Ohio, USA.  
Vara Prasad Chigurupati, Vijayawada, Andhra Pradesh, India.  
Jules Coté, Shelburne, Vermont, USA.  
Hans Ulrich Dätwyler, Schattdorf, Uri, Switzerland.  
Nelson Diez Perez, Asuncion, Paraguay.  
Asoka de Z. Gunasekera, Nugegoda, Sri Lanka.  
Randy L. Heitmann, Cambridge, Nebraska, USA.  
Erkki J.J. Laine, Espoo, Finland.  
E. Robert Lastinger, Wesley Chapel, Florida, USA.  
Howard Lee, Farnham, England.  
Dr. Gen Okubo, Nagasaki, Japan  
William R. „W.R.“ O'Riley, Maryville, Missouri, USA.  
James Sherry, Sackville, Nova Scotia, Canada.  
Dr. Wing-Kun Tam, Hong Kong, China.  
Gary Tschache, Bozeman, Montana, USA.  
Walter R. „Bud“ Wahl, Streator, Illinois, USA.  
Luis Alfredo Almansa.  
William E. „Bill“ Anderson, Hanover, Pennsylvania, USA.  
Sebastiao Braga, Belo Horizonte, Brazil.  
Richard P. Chaffin, Forest, Virginia, USA.  
Bill Crawford, Encinitas, California, USA.  
Clifford (Cliff) S.A. Heywood, North Shore City, New Zealand.  
Jan A. Holtet, Rasta, Norway.  
Dr. Mikio Ishibashi, Otaru, Japan.  
Somsakdi Lovisuth, Bangkok, Thailand.  
Sergio Maggi, Bari, Italy.  
Don Reese, Eunice, New Mexico, USA.  
G. Durwand „Dur“ Robertson.  
Maynard Ruchks, Minnesota, USA.  
A.P. Singh, Kolkata, India.  
Kee-Jung Woo, Kyung San, Republic of Korea.  
Ernest „Ernie“ Young, jr., Lansing, Kansas, USA.



## Ritstjórapistill

# Í boltanum

Nýkjörinn félagsstjóri Lionshreyfingarinnar, Einar Þórðarson, bíður ekki boðanna og leggur okkur félögum um lífsreglurnar á starfsárinu, sem nú er að hefjast, á blaðsíðu 14 í þessu blaði. Við lestur greinarinnar hvarflaði hugurinn um rúman áratug aftur í tímann til þess tíma að ég naut þeirra forréttinda sem umdæmisstjóri að heimsækja klúbba um land allt.

Um þetta leyti var ég staddur í góðra vina hópi á Naustinu. Ekki samt á barnum uppi undir hanabjalka þar sem Lionsklúbburinn Fjölnir hélt fundi sína í árdaga og Símon blandað drykki sína. Þessi bar var á neðstu hæðinni. Í nokkurri fjarlægð frá vina-hópnum sem ég var með var annar hópur sem lá hátt rómur og eitt orð skar sig úr í fjörugum samskiptum þeirra og vakti athygli mína. Þetta var orðið „ægi“ sem virtist alltaf koma mjög sterkt inn í umræðurnar með vissu millibili. Ástæðan fyrir því að ég lagði við hlustir kann að vera sú að fyrir dyrum stóð heimsókn mín í Lionsklúbbinn Aegi.

Að lokum gat ég ekki setið á mér og ákvað að gefa mig á tal við einn úr hóp þessara hressu stráka og spurði hvort þeir væru í Aegi. „Ægi hvað?“ sagði strákurinn, „Við erum í boltanum“ ! Það sem þeir höfðu verið að tala um var að það eina sem dygði í boltanum væri agi.

Það er ef til vill umhugsunarvert fyrir okkur öll hvort við temjum okkur nægjanlegan aga þegar kemur að Lionsstarfinu og hvort við höfum að undanfögnu lagt þá rækt við embættisstörfin sem Einar hvetur til í grein sinni. Ef við komumst svo að þeirri niðurstöðu, hvert og eitt okkar, að við

getum gert betur, er það þá nokkur goðgá að gera sér vonir um að bæði umdæmin geti orðið lögleg? Þar með getum við losnað undan þessu sífellda nuddi um það að við séum ólögleg þrátt fyrir það að við séum stærsta Lionsland í heimi miðað við fólksfjölda og eina landið sem starfandi alþjóðaforseti setur sig ekki úr færi að heimsækja ef hann mögulega kemur því við.

Það er nú einu sinni svo að hversu sem fjöllumdæmisstjórnin, umdæmisstjórnarnir og aðrir embættismenn eru af vilja gerðir, þá eru það ekki þeir einir heldur allir klúbbfélagarnir sem ráða úrslitum um það hvert Lionshreyfingin stefnir.

Í blaðinu er önnur athyglisverð grein eftir Árna Þór Sigurðsson, forseta borgarstjórnar Reykjavíkur, sem ætti að færa okkur heim sanninn um að við gerum gagn í þjóðfélaginu, en til þess að geta haldið því áfram má okkur ekki halda áfram að fækka.

Orð Einars eru í tíma töluð og vonandi tókum við þau til okkar og gerum eitthvað í málinu. Starfsárið er ótrúlega fljótt að líða og það getur verið svo ótrúlega langt á milli funda. En það er líka óþarfi að láta þann tíma fara til spillis. Þó við séum öll meira og minna upptekin við annað en Lions, þarf ekki mikið af tíma hvers og eins til að fá fleiri til liðs við okkur til að leggja fleirum lið. Ef aginn er eins mikill í boltanum nú eins og mér heyrðist hann vera þarna fyrir rúmum áratug, þá væri ekki úr vegi að ná inn í hreyfinguna nokkrum hressum úr boltanum.

Má ekki annars segja að við Lionsfélagarnir séum alltaf „í boltanum“?

## Fundartímar Lionsklúbba á Stór-Reykjavíkursvæðinu

Nafn klúbbs:	Fundardagar:	Fundartími:	Fundarstaður:
Ásbjörn	1. og 3. fimmtudagur	kl. 19.00	Dalshraun 15
Bessastaðahrepps	1. og 3. fimmtudagur	kl. 19.00	Íþrótahusið
Eik	1. og 3. þriðjudagur	kl. 19.00	Garðaholti
Garðabæjar	2. og 4. þriðjudagur	kl. 19.30	Kirkjulundur, Garðabæ
Hafnarfjarðar	2. og 4. fimmtudagur	kl. 19.00	Dalshraun 15
Kaldá	2. og 4. þriðjudagur	kl. 19.00	Gaflinn
Eir	1. og 3. mánudagur	kl. 19.00	Lionsheimilið
Fjölnir	2. og 4. þriðjudagur	kl. 19.00	Lionsheimilið
Freyr	1. og 3. mánudagur	kl. 18.45	Hótel Saga
Reykjavíkur	1. og 3. fimmtudagur	kl. 18.30	Versalir, Hallveigarstíg
Ægir	2. og 4. miðvikudagur	kl. 18.30	Kringlukráin
Kópavogs	2. og 4. miðvikudagur	kl. 19.00	Lundur, Auðbrekku
Muninn	1. og 3. miðvikudagur	kl. 19.15	Lundur, Auðbrekku
Seltjarnarness	2. og 4. þriðjudagur	kl. 19.00	Félagsh.Seltjn.
Víðarr	1. og 3. miðvikudagur	kl. 19.00	Lionsheimilið
Ýr	2. og 4. mánudagur	kl. 19.15	Lundur, Auðbrekku
Þór	1. og 3. þriðjudagur	kl. 19.00	Lionsheimilið
Baldur	2. og 4. miðvikudagur	kl. 18.15	Ásbirgi, Hótel Ísland
Engey	2. og 4. mánudagur	kl. 19.30	Lionsheimilið
Njörður	1. miðvikudagur	kl. 18.00	Naustið
Váli	2. og 4. þriðjudagur	kl. 20.00	Grensáskirkja
Fjörgyn	2. og 4. fimmtudagur	kl. 19.00	Garfárvogskirkja
Fold	1. og 3. mánudagur	kl. 19.00	Kringlukráin
Mosfellsbæjar	2. og 4. fimmtudagur	kl. 19.00	Hlégarður
Týr	2. og 4. miðvikudagur	kl. 18.45	Lionsheimilið

#### Athugasemd:

Upplýsingar þær um fundartíma Lionsklúbba sem hér eru birtar eru með fyrirvara þar sem sumir klúbbar breyta stundum fundarstað og tíma fyrirvaralaust.

## Efnisyfirlit:

### Alltaf í boltanum

### Kynning alþjóðaforseta

### Stefnumótun alþjóðaforseta og embættismanna

### Verkefna- og klúbbatíðindi



## Pórunn Gestsdóttir fjölumðæmisstjóri

# Góður vilji og samskipti

Heilbrigðir lífshættir, góður vilji og samskipti við aðra er ágætis framlag einstaklinga til síns nærsamfélags og einnig samfélags þjóðanna. Á nýafstöðu alþjóðafþingi Lions er haldið var í borgunum Detroit í Bandaríkjunum og Windsor í Kanada dagana 5.-9. júlí sl. var einn ræðumanna sérstaklega eftirminnilegur. Það er Corretta Scott King ekkja baráttumannsins og klerksins Martin Luther King.

Hún þakkaði Lionsmönnum um heim allan fyrir þeirra framlag til heimssamfélagsins, þakkaði fyrir anda umhyggju og vonar sem skilar sér í starfi Lionsmanna þar sem þeir vinna á heimavelli og að heiman.



Þórunn Gestsdóttir.

### Að miðla árangri

Með verkum okkar heima og að heiman leggjum við lið. Sú tenging að við leggjum öll lið sameinar þennan stóra hóp sem hefur gengið til liðs við Lionshreyfinguna í 193 löndum heims. Þetta afl er sýnilegt í hverjum Lionsklúbba en enn áþreifanlegra og magnaðra þegar um tólf þúsund manns með sama leiðarljósi koma saman til að skiptast á skoðunum og kynnst.

Árangur í starfi Lionsmanna er ofinn úr handtökum milljóna einstaklinga. Núverandi alþjóðaforseti Lionshreyfingarinnar Clement F. Kusiak benti á í ræðu, sem hann flutti sem nýkjörinn forseti síðasta þingdaginn, á leiðir okkar til að miðla reynslu og árangri til heimssamfélagsins.

Við Lionsmenn á Íslandi erum stöðugt að miðla okkar árangri til ein-

staklinga og hópa eða samtaka. Yfir góðum verkum okkar ríkir hógværd sem er góður eiginleiki en við mætum láta verk okkar vera sýnilegri.

Að vera í forystu íslensku Lionshreyfingarinnar sem fjölumðæmisstjóri er áskorun sem ánægjulegt er að standa frammi fyrir. Með innliti í fortíðarskápinn kemur í ljós að í efstu hillunni eru margar góðar minningar með félögum í starfi, í þeirri næstu er reynslupokinn, fjölbreytni verkefna og embætta.

Að líta til liðinna stunda með félögum við störf er gott veganesti, að sækja námskeið og hafa verið á mannafótum, skólum og setið þing er sömuleiðis gott nesti.

### Í anda umhyggju

Nýliðið starfsár var annasamt og gjöfult séð frá mínum bæjardrym. Samskipti umdæmastjóranna beggja og fjölumðæmisstjóra voru sérstaklega þægileg og skemmtileg og

einnig við starfsfólk skrifstofunnar. Þingið á Sauðárkróki verður lengi í minnum haft og eiga allir aðstandendur þakkar skildar fyrir frábæran undirbúning og móttökur. Öllum samstarfsmönnum á nýliðnu starfsári þakka ég gott starf og hlakka til góðra samskipta með finum samhljómi þetta starfsárið.

Að horfa til þess ókomna er spennandi. Með okkar bakgrunn sem Lionsfélagar höfum við sýnt og sannað að við höfum kraft, þekkingu og vilja til að leggja áfram lið í anda umhyggju og vonar um betri tíð.

Sem fjölumðæmisstjóri starfsárið 2004-2005 legg ég mitt af mörkum eftir bestu getu. Ég hef valið mér leiðarljósi fyrir starfið sem fjölumðæmisstjóri starfsárið 2004-2005, það er orðið samskipti sem kemur í kjölfar samhljóms síðasta starfsárs.

Samhljómurinn var í takt við tóninn sem gefinn var og áfram verður haldið með sama tónsprotann en nokkrir nýir tónar slegnir.

Allt okkar samstarf innan klúbba sem utan byggir á góðum samskiptum. Starf Lionshreyfingarinnar um víða veröld byggir á jákvæðum samskiptum.

## Stefán Skarphéðinsson, umdæmisstjóri 109B

# „Friends – Having Fun – Helping“

Nýsjálandingurinn Dennis O'Rourke, sem var með mér og Geir Haukssyni í hópi í Lionsskólanum í Detroit og er umdæmisstjóri í umdæmi 202 D, hefur ofangreind orð á fána sínum. Telja verður að þetta sé inntak Lions, að vísu hefði hann mátt bæta við „education“.



Stefán Skarphéðinsson.

sem stendur til boða á vegum Lions. Sérstaklega skal bent á Leiðtogaskóla Lions sem hefur verið styrktur myndarlega af LCIF.

Það að hjálpa er það sem við gerum ef allt annað starf okkar er í lagi.

Öflugir klúbbar geta lyft Grettistaki; nýjasta dæmið um það eru kaup á hjarta-tæki sem félagar í Víðarri stóðu fyrir.

### Markmið

Nú þegar nýtt starfsár er hafið er rétt að setja sér markmið og það hef ég líka gert, er það stutt og laggott: „efling“. Með eflingu á ég við:

1. Efling sambands umdæmisstjóra við klúbba.
2. Efling sambands milli klúbba.
3. Efling innra starfs klúbba.

Þessi markmið eru hvorki ný né frumleg, en þau eru þó mjög mikilvæg.

1. Efling sambands umdæmisstjóra við klúbba verður í formi heimsóknna eða á annan hátt og klúbbstjórnnum gerð grein fyrir því að umdæmisstjórinn er til þjónustu reiðubúinn.

2. Efling sambands milli klúbba, sem

er þó nokkuð, en má þó auka t.d. með heimsóknnum og einnig með því að koma á samstarfsverkefnum.

3. Efling innra starfs klúbba er eitt af því mikilvægasta og má ekki gleymast, því ef innra starfið er gott þá laðar það að nýja félagar og félagar sem fyrir eru fá aukinn áhuga. Þetta er hægt að gera með litlum kostnaði, eða kostnaði sem

skilar sér. Fundirnir þurfa að vera skemmtilegir og bjóða stöðugt upp á nýjungar með fræðslu í bland.

Ég hlakka til að takast á við starf umdæmisstjóra umdæmis 109 B og treysti á framlag hvers og eins félaga. Samstæðir erum við þó nokkuð en einir lítið sem ekki neitt.

Lífið gengur allt í bylgjum en við getum haft áhrif á það hve bylgjan sem við tilheyrum nær langt.



Geir Hauksson, Jörunn Jörundsdóttir, Ingibjörg Ingimarsdóttir, Stefán Skarphéðinsson og Þórunn Gestsdóttir á alþjóðafþingi Lions.

## Geir Hauksson, umdæmistjóri 109A

# Miðlum árangri

Senn hallar af sumri og Lionsfélagarnir fara að huga að störfunum framundan í vetur. Í lok júní héldum við sjö Íslendingarnir á alþjóðaþingið, sem haldið var í Detroit í Bandaríkjunum. Ég sat þar ásamt Stefáni umdæmisstjóra í 109B á skólabeck í fimm daga til að kynna okkur Lionsfræðin. Það var bæði fróðlegt og skemmtilegt. Að því loknu tók þingið við með tilheyrandi fyrirlestrum, fundum og öðrum samkomum.

Einkunnarorð nýkjörins alþjóðaforseta Clement F Kusiak eru: **Share success through service** í lauslegri þýðingu: Miðlum árangrinum. Ég skora nú á ykkur góðir Lionsfélagar



Geir Hauksson.

að finna góða þýðingu sem fer vel í munninn á einkunnarorðum alþjóðaforsetasins.

### Fjölgun

Eitt af markmiðum Clem Kusiaks er að fjölga í hreyfingunni um 5%. Þetta er einmitt það sem við erum að glíma við hér heima, og hvort sem okkur þykir það ljúft eða leitt að hlusta á slíkt tal, þá er nú svo komið að bæði umdæmin eru ólögleg. Við Íslendingar erum nú í eðli okkar ávallt hjartsýnir og herðum yfirleitt róðurinn þegar hressilega blæs á móti. Í vor var stofnaður nýr klúbbur á Skagatrönd, svo ekki vantar mikið á að B-umdæmið verði löglegt. Einnig bindum við miklar vonir við Austurland, vegna vaxandi mannfjölgunar og atvinnutækifæra þar.

### Markmið

Ég mun hafa að markmiði að heimsækja alla klúbba í umdæminu og einnig að koma í þær aukaheimsóknir sem þið félagarnir óskið eftir. Annað markmið er að gera A-umdæmið löglegt á ný og vonandi heldur betur. Eitt atriði er t.d. að miðla árangri okkar og starfi í hin ýmsu fréttablöð. Einnig að hafa fundina fróðlega og skemmtilega og bjóða vinum og kunningjum með. Þegar fólk finnur og sér að það er gaman að vera í Lions þá vill það gjarnan vera með. Um að gera er að finna uppá einhverju skemmtilegu og hafa ekki svartsýnina í farteskinu.

### Leiðtogaskólinn

Ég átti þess kost að sækja leiðtogaskólann okkar s.l. haust og það verð ég að segja að það var trúlega eitt fróðlegasta og besta námskeið sem

ég hef sótt og kemur til með að nýttast mér vel, þá á ég við ekki eingöngu vegna Lions, heldur einnig í vinnunni og daglegu lífi. Ég hvet félagana eindregið til að sækja skólann, hafi þeir einhver tók þar á.

### Þinghald

Í lokin ætla ég enn og aftur að þakka klúbbunum í Skagafirði fyrir frábært Lionsþing s.l.vor. Öll aðstaða og skipulag var eins og best verður á kosið. Kynningarkvöldið ásamt Lionshátíðinni í lokin var ein sú besta skemmtun sem ég hef sótt lengi og sannast það nú enn og aftur að Skagfirðingar kunna sannarlega að skemmta sér og öðrum.

Ég hlakka til starfsins með ykkur í vetur og veit að við munum gera góða hluti.

## Edda J. Briem, MedicAlert-fulltrúi 109B 2003-2004

# „Mér finnst ég vera að sinna einhverju sem virkilega skiptir máli“

Í litlu bakherbergi inn af skrifstofu Lions í Sóltúni 20 er MedicAlert á Íslandi með aðstöðu sína. Á bak við stafla af pappakössum, skjalaskápum og öðrum hlutum sem þar eru geymdir, situr maður við borð niðursokkinn í vinnu sína.

Maðurinn er Magnús Steingrímsson Lkl. Vála og hann er að grafa upplýsingar á MedicAlert merki í þar til gerðri vél. Hann raðar stöfum á nokkurskonar sleða ofan á vélinni, fer með prjón ofan í stafina sem yfirfærast í mjög smækkaðri mynd á merkið sem er skorðað af annarsstaðar í vélinni. „Þessi vél er nú hálfgerður forngripur“, segir Magnús, „en gerir sitt gagn“.

Oftast fær fólk sér merki ef það er með einhvern sjúkdóm, eða með alvarlegt ofnæmi af einhverju tagi og eru upplýsingar um það grafnar á merkið ásamt símanúmeri sem er tengt við Landspítalann-Háskólasjúkrahús allan sólarhringinn. Nafn eiganda merkisins er ekki grafið á merkið heldur númer og með því að gefa upp númerið liggja fyrir frekari upplýsingar um viðkomandi sem skráðar hafa verið eftir umsókninni um merkið.

Þeim fjölgar stöðugt sem fá sér MedicAlert merki og voru þeir um 400 á síðasta ári. „Ég byrjaði í þessu fyrir u.þ.b. 14 árum þegar þáverandi umdæmistjóri í mínu umdæmi kom að máli við mig og spurði hvort ég væri til í að taka þetta að mér en þá hafði safnast fyrir talsvert af umsóknunum og vantaði mann í að grafa. Ég ákvað að slá til og hef sinnt því síðan ásamt öðrum félögum úr Vála, aðallega Ásmundi Leifssyni, og sé ekki eftir því, þetta er mjög gefandi starf. Yfirleitt kem ég hingað einu sinni til tvisvar í viku 2-3 tíma í senn.“

Til þess að tryggja að upplýsingarnar séu rétt skráðar skiptast lækarnir Magnús B. Einarson Lkl. Mosfellsbæjar og Björn Guðmundsson Lkl. Viðarri á að lesa þær yfir. „Er ekki erfitt að lesa læknskripta?“, spyr ég. Það vill Magnús ekki kannast við, en bætir svo við, „en það er kannski vegna þess að ég skrifa svo illa sjálfur.“ Áður en merkið er afhent eru bornar saman upplýsingar frá lækni og það sem er skrifað á merkið. Það þarf ekki að taka fram að allir sinna Lionsfélagarnir þessu í sjálfböðavinnu.

Að lokum spyr ég Magnús hvort hann viti til þess að MedicAlert



Magnús Steingrímsson.

merki hafi skipt sköpum í einhverju tilfelli. Magnús hugsar sig um andartak og segir síðan: „Það vildi svo til í fyrra, þegar ég var viðstaddur upp-töku á þættinum „Viltu vinna milljón?“, að ég sat við hliðina á unglingsstrák og tók eftir því að hann var með MedicAlert merki á úlnliðnum. Ég tók hann tali og spurði hann hvort nokkurn tímann hafi reynt á merkið. Hann sagði mér að hann væri flogaveikur og eitt sinn er hann var staddur erlendis fékk hann slæmt kast og féll niður. Þeir sem

komu að honum tóku eftir merkinu og komu honum strax undir lækni-hendur þar sem hann fékk rétta umönnun og vildi hann ekki síst þakka það MedicAlert merkinu. Ég fékk að skoða merkið hjá honum og sá á númerinu að ég hafði grafið á þetta merki. Það gladdi mig ósegjanlega að ég skyldi eiga þátt í að vel fór að þessu sinni. Að vinna í þessu verkefni er það sem hefur gefið mér mest í Lionsstarfinu. Mér finnst ég vera að sinna einhverju sem virkilega skiptir máli.“



# Áhrif Lions á samfélagið

## Fróðlegt ávarp forseta borgarstjórnar Reykjavíkur, Árna Þórs Sigurðssonar, á síðasta samfundi starfsárs þann 1. maí s.l. á erindi við fleiri en aðeins þá sem sóttu þennan samfund. Erindið fer hér á eftir nokkuð styttr

### Ágætu Lionsfélagar. Gleðilega hátíð.

Ég vil byrja á því að þakka fyrir að fá tækifæri til að ávarpa ykkur hér í dag. Um leið og ég mun leitast við að svara því hvað Lionshreyfingin getur gert fyrir bæjarfélagið mitt, ætla ég líka að ræða aðeins um samfélagsþróunina og þá ekki síst út frá sjónarmiði borgarsamfélagsins.



Árni Þór  
Sigurðsson.

### Hlutverkaskiptingin.

Það er hlutverk stjórnmalamanna og -flokka að marka stefnu til framtíðar og kljást við hin daglegu úrlausnaræfni stjórnmalanna eins og þau blasa við á hverjum tíma. En hin samfélagslegu verkefni verða ekki unnin af pólitíkinni einni. Langt í frá. Margir fleiri aðilar koma þar við sögu og þar vil ég ekki síst nefna frjáls félagasamtök af ýmsum toga. Lionshreyfingin er mikilvægur hluti af fjölbreyttri flóru félagasamtaka sem vinna að betra samfélagi, þar sem byggt er á virðingu fyrir lýðræði, mannlegri reisn og samhug í samskiptum þjóða. Kjörorðið Við leggjum lið er táknrænt og mjög lýsandi fyrir inntak í starfsemi hreyfingarinnar.

Í gær var haldin hér í Reykjavík áhugaverð ráðstefna um það sem kallað hefur verið Félagsauður, eða Social Capital. Hugtakið félagsauður er víða um lönd tekið í vaxandi mæli inn í stefnumörkun stjórnvalda og rannsóknir fræðimanna. Það er skilgreint sem verðmæti og áhrif þeirra félagsstengsla sem einstaklingar mynda í fjölskyldum, vinahópum, vinnustöðum, félagasamtökum o.s.frv. Verðmæti eða auður vegna þeirra margvíslegu jákvæðu áhrifa sem það getur haft á velsæld og hagsæld einstaklinga sem samfélaga. Stjórnvöld eru í vaxandi mæli að gera sér grein fyrir þýðingu þess starfs sem unnið er á vegum frjálsra félagasamtaka, sem oftast en ekki fer fram í kyrrþey, en sem engu að síð-

ur er afar verðmætaskapandi fyrir þjóðfélagið. Til þessa hóps telst einnig verkalyðshreyfingin, sem í dag heldur upp á alþjóðlega baráttu sína fyrir bættum kjörum og leggur að þessu sinni sérstaka áherslu á baráttu gegn stríðsrekstri, stríðsglæpum og hryðjuverkum hvarvetna í heiminum. Enginn fer í grafögur með að baráttu verkalyðshreyfingarinnar undanfarna áratugi hefur skilað miklum árangri og ávinningi þótt enn sé margt óunnið í þeim efnun.

### Starfsverðmætin.

Það felast sem sagt mikilvæg verðmæti í starfi Lionshreyfingarinnar sem seint verða að fullu metin. Hér í Reykjavík hefur hreyfingin komið víða við og lagt margt af mörkum til uppbyggingar samfélagsins. Ég get nefnt hér að Lionsklúbbar hafa stutt við starfsemi eldri borgara í þjónustumiðstöðinni við Vítorg með tækjakaupum og einnig á sama hátt létt börnunum í Álfalandinu lífið en þar er skammtímavistun fyrir fötluð börn. Ennfremur hefur starf hreyfingarinnar að vímuvarnarmálum, m.a. með útgáfu fræðsluefnis, skipt miklu máli og haft afar mikilvægt forvarnargildi. Þekktast er væntanlega ómetanlegt framlag Lionshreyfingarinnar í tengslum við safnanir undir merkjum Rauðrar fjaðrar sem einkum hefur skilað sér til heilbrigðismála, svo sem á sviði augnlækninga, krabbameinslækninga, gigtarlækninga, öldrunarlækninga og nú síðast til langveikra barna og barna með sérþarfir. Þetta eru aðeins nokkur en mikilsverð dæmi um það hvernig Lionshreyfingin hefur stutt við borgarbúa og aðra landsmenn, einkum þá sem sérstaklega þurfa á stuðningi að halda. Þetta er starf sem Reykjavíkurborg kann að meta og ég vil ekki láta hjá líða að færa ykkur Lionsfólki þakki borgarinnar

fyrir ykkar þýðingarmikla framlag til mannúðar- og menningarmála í borginni.

En á fleiri sviðum hefur Lionshreyfingin rutt braut til góðs fyrir borgarbúa. Þar vil ég nefna samstarf hreyfingarinnar við borgina um námsefnið Lions Quest sem hófst á níunda áratugnum undir heitinu „Að ná tökum á tilverunni“. Frumkvæði Lionshreyfingarinnar var ekki síst fylgið í útgáfu námsefnis og fræðsluefnis og námskeiðum fyrir kennara. Nú er þetta nám löngu orðinn fastur og sjálfsgöður hluti af námskrá grunnskólanna og gengur jafnan undir heitinu Lífsleikni.

Margir skólar hafa sett sér sérstaka lífsleikniáætlun, sem ýmist nær til nokkurra árganga eða allra, og miðast þá markmið og framkvæmd við áherslur hvers skóla. Markmið flestra er að þessi þáttur skólustarfsins sé samofinn öllu námi og kennslu en ýmsir hafa útfært sérstakar áherslur. Í Starfsáætlun fræðslumála Reykjavíkurborgar er skýr stefna og markmið um lífsleikni, styrkingu sjálfsmýndar og aukna félagsfærni nemenda og er gert ráð fyrir að þau markmið verði eðlilegur hluti af öllu námi í daglegu skólastarfi og samofinn öðrum verkefnum frá upphafi til loka skólagöngu.

Lions Quest námsefnið sem Lions hreyfingin hér á landi var frumkvöðull að, er undanfari þeirrar lífsleikniálgunar sem nú er unnið með, þ.e. að rækta einstaklinginn, gera nemendur meðvitaðri, efla sjálfsmýnd og samskiptafærni. Nú eru uppi áherslur um aukið nemendalýðræði sem m.a. felast í því að efla þá lífsleikniþætti sem falla undir félagsfærni, ábyrgð og áhrif nemenda á nám og búa þá undir þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi. Einnig hér hefur frumkvæði Lionshreyfingarinnar skipt sköpum, án þess værum við komin mun skemmra á veg með þróun þessa námsefnis. Með öllum

þessum störfum hefur Lionshreyfingin haft mikil og jákvæð áhrif hér í borginni og fullvíst er að svo mun verða áfram um langa framtíð. Hún hefur átt drjúgan þátt í mannúðar- og líknarstarfi og lagt gjörva hönd á plóg í hvers konar samfélagslegum verkefnum. Ég vil því itreka þakki borgarinnar til Lionshreyfingarinnar fyrir starf hennar, frumkvæði og framsýni.

### Að búa í haginn fyrir framtíðina.

Það er mikilvægt verkefni borgaryfirvalda að búa í haginn fyrir framtíðina og sjá svo um að hér þróist samfélag þar sem unga fólkið okkar vill setjast að. „Ef æskan vill rétta þér örvandi hönd, þá ertu á framtíðar vegi“ orti þjóðskáldið Þorsteinn Erlingsson. Sannleikurinn er sá að aldamótakynslóðin í dag á svo mörg tækifæri sem ekki hafa boðist áður. Keppnisvöllur hennar takmarkast ekki við eyjuna sem við byggjum hér norður í Atlantshafi, þvert á móti hefur hún heiminn allan undir. Í síbreytilegum og æ flóknari heimi verður það að vera samstarfsverkefni að tryggja mannvænlegar aðstæður fyrir komandi kynslóðir, hvort sem litið er til efnahagslegra, félagslegra, menningarlegra eða umhverfislegra þátta. Ekki bara verkefni stjórnmalamanna og -flokka, fleiri þurfa þar að leggja hönd á plóg. Ég er sannfærður um að frjáls félagasamtök munu í framtíðinni gegna enn þýðingarmeira hlutverki í þessu sambandi en þau hafa gert til þessa. Lionshreyfingin er og verður tvímælalaust mikilvægur þátttakandi í þessu starfi, með þátttöku sinni og frumkvæði hefur hún ekki einungis haft heldur mun hafa áhrif á samfélagið til langrar framtíðar.

Um leið og ég óska ykkur velfarnaðar í öllum ykkar störfum í framtíðinni á ég þá ósk á þessum alþjóðlega baráttudegi verkafólks, að maísólin skíni bjart yfir framtíð lands og þjóðar.

# Áhafnaskipti á Lionsskútunni

Á nýafstöðnu fjölumdamisþingi urðu helstu breytingar á kjörnum embættismönnum fjölumdamisráðs þær að Jón Bjarni Þorsteinsson, læknir, í Lkl. Mosfellsbæjar var kosinn alþjóðasamskiptastjóri, Halldór Kristjánsson, skólastjóri, í Lkl. Ásbirni, kynningarstjóri og Einar Þórðarson, tölvusérfræðingur, Lkl. Fjörgyn, félagastjóri, allir til tveggja ára.

Þá var Guðmundur Finnbogason, sjómaður, Lkl. Skagastrandar, kosinn formaður sjóðstjórnar verkefnasjóðs til þriggja ára og Þór Steinars-son, lektor, Lkl. Fjörgyn í 5 manna stjórnarnefnd NSR (Norræna samstarfsráðsins) til fjögurra ára. Allir hafa þeir sem hér eru nefndir verið umdæmisstjórnar, þrjár fjölumdamisstjórnar og einn alþjóðastjórnar- maður.

Af þessu tilefni bað blaðið þessa embættismenn að svara nokkrum spurningum um væntingar þeirra á nýju starfssviði innan hreyfingarinnar.

Spurningarnar voru svohljóðandi:

1. Hvaða skoðun hefur þú á embætti því sem þú varst kosinn til á þinginu ?
2. Hvað er það helst sem þú munt leggja áherslu á þínu kjörtímabili ?
3. Hvaða væntingar hefur þú um árangur í lok kjörtímabils ?

## Einar Þórðarson, félagastjóri



1. Mín skoðun er að félagastjóri sé mikilvægt embætti fyrir Lionshreyfinguna og brýn þörf á að hann sinni sínu hlutverki, sem er

m.a. að virkja og hvetja Lionsfélaga til að gera hreyfinguna sýnilegri og styðja við félaganefndir og svæðis- stjóra.

2. Ég vil vinna með félaganefndum klúbba og styðja þær í starfi. Einnig hvetja Lionsfélaga til að taka með sér gesti á fundi og gera fundi á- hugaverða og skemmtilega. Gera átak í að ná aftur inn fyrrverandi Lionsfélögum og styðja við markaðs- setningu hreyfingarinnar. Virkja svæðisstjóra viðvikandi fjölgunar- og útbreiðslumál.

3. Mínar væntingar eru að fá góðar fréttir; 1) af störfum félaganefnda um að þær hafi verið virkar og dug- legar. 2) af gömlum félögum sem komu aftur „heim“ í hreyfinguna. 3) af skemmtilegum og gestkvæmum fundum. 4) af góðu starfi svæðis- stjóra. 5) að a.m.k. annað umdæmið hafi náð 1250 lágmarkinu.

## Guðmundur Finnbogason, formaður sjóðstjórnar verkefnasjóðs



1. Hef ekki myndað mér neina sérstaklega skoðun á embætti formanns sjóð- stjórnar verkefna- sjóðs. Ég lít á embættið sem eitt

af störfum Lionshreyfingunnar sem gaman er að takast á við og í þessu tilvikinu að halda utan um.

2. Meiri kynningu á verkefna- sjóðnum, fyrir hvað hann stendur, og öflun fjármagns.

3. Að verkefnasjóðurinn verði vel þekktur innan Lionshreyfingarinnar og víðar. Fjármagnsstreymi verði öfl- ugt inn sem út. Stuðlum að góðum verkefnum innanlands sem erlendis, þar sem Lionsklúbbar hafa hönd í bagga.

## Halldór Kristjánsson, kynningarstjóri



1. Hlutverk kynningarstjóra er annars vegar fylgið í því að kynna Lions- hreyfinguna og þau verkefni sem hún er að vinna að hverju sinni og hins vegar að aðstoða klúbba við að koma sér á framfæri. Hluti af því að vera þátttakandi í hreyfingu sem vinnur að líknarmálum, eins og við í Lions gerum, er að láta vita af því sem við erum að gera og viðhalda já- kvæðri ímynd okkar gagnvart al- menningi. Slíkt getur líka gert Lions- hreyfinguna eftirsóknarverða fyrir aðra og þannig auðveldað okkur að fá kraftmikla og framsækna einstak- lina til liðs við okkur.

2. Ég mun leggja megináherslu á að hvetja klúbba til að láta vita af sér innan síns starfssvæðis með marg- víslegum hætti. Ein hugmynd er til dæmis fólgin í því að hver félagi bjóði með sér á fund einum gesti á hverju starfsári. Önnur hugmynd er að hver klúbbur setji sér markmið í kynningarmálum, til dæmis að fá tvær greinar/fréttir birtar í staðar- blöðum/landsmálablöðum á hverju starfsári. Þriðja er að leggja áherslu á að klúbbur merki sér þær gjafir sem afhentar eru og að lokum að rekið sé öflugt kynningarstarf innan klúbbs- ins sjálfs. Það vill oft gleymast að innan klúbbs getur verið einhver fjöldi félaga sem hefur litla hugmynd um hvað Lions er að gera og til hvers hreyfingin okkar er, ef til vill með

þeim afleiðingum að við missum fleiri félaga en eðlilegt getur talist. Vel upplýstur og ánægður félagi er besta auglýsingin okkar.

3. Meginmarkmið mitt er að gera hvern einasta félagi í Lions meðvit- aðan um hreyfinguna okkar og það sem hún er að gera og að viðhalda því góða orðspori sem af okkur fer hjá almenningi með markvissum og heiðarlegum kynningum.

## Jón Bjarni Þorsteinsson, alþjóðasamskiptastjóri



1. Ég tel að þetta embætti sé mjög mikilvægt fyrir Lionshreyf- inguna. Það bend- ir á að við erum alþjóðleg hreyfing sem viljum styðja þá sem minna

mega sín, bæði á heimavettvangi og einnig á alþjóðavettvangi. Eins og við vitum eru sumstaðar miklir erfið- leikar og fimmtungur heimsins eða um 1.4 milljarðar hafa minna en 1 dollar til að lifa á. Hreyfingin hefur átt mikla og góða samvinnu við Nor- ræna samstarfsráðið sem í eru Sví- þjóð, Noregur og Danmörk og með þeim Grænland og Færeyjar, Finn- land og Álandseyjar. Þar höfum við unnið að alþjóðlegum verkefnum á hverju ári sem í dag eru greidd þannig að hver Lionsmaður borgar 1 evru á ári í samstarfsverkefni okkar. Þau hafa komið mörgu góðu áleiðis. Þess vegna tel ég tvímælalaust að þetta verkefni sé þarft og með á- kveðnu átaki, ákveðinni stefnu, get- um við lagt af mörkum til þeirra sem minna mega sín.

2. Tímabil mitt er 2 ár. Ég mun leggja áherslu á að Lionshreyfingin á Íslandi starfi vel með norrænu sam- starfsþjóðunum og vinni að þeim verkefnum sem ákveðin hafa verið og verða ákveðin á næstunni. Í öðru lagi vil ég leggja áherslu á smáverk- efni, þar sem við getum hjálpað til í vanþróuðum ríkjum þar sem mikill skortur er á flestu sem við höfum m.a. í tækjum til heilbrigðisþjónust- unnar, skólumálum ofl. er til fellur. Hér á ég t.d. við styrki í formi tækja og fjármagns, til ákveðinna verkefna sem þörf er á á viðkomandi stöðum. Þar sem verkefnin eru fyrirfram ákveði. Með því móti getum við val- ið rétta samstarfsaðila og haft á hreinu að okkar safnanir eða fjár- magn fari til þess sem ætlast er til.

3. Ég hef þær væntingar að í fyrsta lagi standi ég mig jafnvel og fyrir- rennari minn Þór Steinarsson sem hefur áunnið sér mikla virðingu á

Norðurlöndum fyrir frábært starf í al- þjóðasamskiptum á okkar vegum. Ég mun fylgja eftir því sem unnið hefur verið að klúbbum hér á landi. Ég vil sérstaklega nefna Lionsklúbbinn Vála svo og aðra góða klúbba sem lagt hafa gjörva hönd á plóg við að safna allskonar hjálpartækjum sem til hafa fallið frá heilbrigðisstofnunum hér- lendis og sent það í gámum m.a. til Eistlands, Lettlands og Litháens. Einnig að sem flestir Lionsklúbbar taki þátt í að leggja lið í alþjóðasam- skiptum, og helst að hver einasti klúbbur á tímabilinu leggi eitthvað af mörkum eða styrki a.m.k. eitt erlent alþjóðlegt samstarfsverkefni.

## Þór Steinarsson, stjórnar- nefndarmaður NSR



1. Stjórnar- nefnd NSR er skipuð fimm full- trúum einum frá hverju Norður- landanna. Nefnd- in varð til með samningi Norður- landanna á NSR þingi í svíþjóð 2003. Ein megin breytingin var að í stað ritara sem valinn var til 4ra ára í senn þ.e. á 20 ára fresti frá hverju landanna var skipuð 5 manna stjórnarnefnd (arbe- jds utskott) þar sem hver fulltrúi sit- ur í 5 ár og einum er skipt út á hverju ári. Hlutverk stjórnarnefndar NSR er að vera stjórn NSR, þ.e. fjöl- umdamisstjórn Norðurlandanna, innan handar með margvísleg mál- efni. Fylgjast með fjármálum NSR, vera fundarritarar á fundum stjórnar og geyma gögn frá fundum, fylgjast með undirbúningi NSR þinga og hafa áhrif á hvaða námstefnur fara fram á NSR, vera virk í að hvetja til sam- starfs innan mismunandi málefna Lionshreyfingarinnar o.fl.

Ég lít svo á að með setu í stjórnar- nefnd NSR taki ég virkan þátt í að leggja grunn að áframhaldandi sam- starfi norrænna Lionsmanna á al- þjóðavettvangi.

2. Að efla og festa í sessi starf nefndarinnar. Nefndin hefur þegar starfað í eitt ár og skipt þá á milli sín ákveðnum verkþáttum. Þá fylgdist ég með undirbúningi námstefna á NSR þinginu í Noregi. Á næstu árum mun ég væntanlega taka að mér önn- ur verkefni innan nefndarinnar. Í janúar 2007 verður NSR þing haldið á Íslandi og það starfsár verður fulltrúi Íslands í hlutverki ritara á fundum stjórnar NSR.

3. Að samstarf norrænna Lions- manna verði enn öflugra og nái til fleiri þátta Lionsstarfsins en nú.





Alþjóðastefnumótun Lionshreyfingarinnar 2004-2005

DEILUM ÁRANGRINUM

af því að leggja lið

# Veitum öðrum hlutdeild í árangri okkar

## Kynning á alþjóðaforseta Lions 2004-2005, Clement F. Kusiak

„Ég hef oft verið spurður hvert leiðir hreyfingarinnar liggi í framtíðinni“ segir alþjóðaforseti Lions, Clement F. Kusiak sem nú er tekinn til starfa „og ég svara ætíð að framtíðin sé í höndum félaganna. Þeir vita hvar skórin krepur í sínum heimahögum og vita hvernig skuli bregðast við. Þannig munum við halda forystuhlutverki okkar á sjálfbodaldissviðinu“. Alþjóðaforsetinn lítur á Lionsfélaga sem fólk sem borgar fyrir að fá að leggja lið“ Greiðslan sem við innum af hendi með félagsgjöldunum er lítilræði miðað við árangurinn um heim allan“.

Ávinningurinn tengist einunnarorðum hans sem alþjóðaforseta „Deilum árangrinum af því að leggja lið“ „Með því að deila árangri fyrrum forystumanna Lionshreyfingarinnar með þeim sem nú eru í forystu um heim allan varðveitum við það þann styrk sem við byggjum á í dag. Ef við gefum einnig gaum að árangrinum sem þeir hafa fært okkur, með tíma sínum og fé og á hvaða hátt þeir hafa upplýst almenning um verkefni, leggst það á vogarskál árangurs á komandi árum.

### Frá Krakow til Baltimore

Alþjóðaforsetinn hefur vissulega náð árangri með því að deila sýn sinni og áhuga með fjölskyldu sinni, á starfssviði sínu sem forystumaður í heimabyggð og Lionsfélagi. Hann fæddist í Pennsylvaníu en þangað fluttust foreldrar hans og afi hans og amma, á fyrsta áratug síðustu aldar. Eftir heimsstyrjöldina síðari fluttist fjölskyldan til Baltimore, Maryland þar sem alþjóðaforseti óx úr grasi og gekk í skóla. Hann fetaði í fótspor föður síns, varð tækniverktaki og hlaut viðurkenningu fyrir sérfræðikunnáttu í tækniteikningum. Hann hefur nú látið af störfum sem framkvæmdastjóri framleiðslufyrirtækis í Baltimore.

Clement alþjóðaforseti og Jeanne kona hans fóru að gefa hvort öðru auga strax í barnaskóla í Baltimore. Börn þeirra og annað barnabarn fóru svo í sama

skóla svo tengsl Clement og Jeanne við skólann rofnuðu ekki.

Þau hafa eignast tvo syni, John sem dó 1988 og Mark, og barnabörnin eru tvö, John Michael sonur Johns, 17 ára og Sharon 14, dóttir Marks.

### Fyrstu kynni af Lions

Clement kynntist starfi Lions í heimabyggð sinni á æskuárunum og gekk að lokum til liðs við the Baltimore Lions Club. Ekki spillti fyrir að tengdafaðir hans hafði áður fengið hann til að hjálpa til við verkefni í sínum klúbba.

Stundum voru hann og aðrir félagar í katþólskum æskulýðssamtökum fengnir til að aðstoða á barnaheimilum þar sem Lionsfélagar lögðu lið þannig að hann kynntist snemma starfi Lions.

### Baltimore-ljón

Alþjóðaforseta var boðin innganga í Baltimore Brooklyn Lions Club 1967. Meðmælandinn var Herman Lesner, góður vinur tengdafaður hans. Á sama tíma voru þrír æsku og skólafélagar hans teknir inn. Hann var fljótlega skipaður í forystu fyrir sjónverndarverkefnum klúbbsins auk þess sem hann tók þátt í æskulýðsverkefnum hans.

### Klúbbs og umdæmisembætti.

Alþjóðaforsetinn er stoltur af því að hafa aldrei verið tvisvar í sama embætti og hefur hann þó verið í næstum öllum embættum í sínum klúbba. Hann gerði sér ávallt far um að vinna með þeim sem tóku við af honum til að gera þeim starfið auðveldara.

Vegur Clement F. Kusiak var hraður um raðir svæðisstjóra og hverfisstjóra og 1983-84 varð hann umdæmisstjóri í 22-A og fékk 100% umdæmisstjórnarviðurkenningu fyrir störf sín auk sérstakrar viðurkenningar alþjóðaforseta Dr. Jim Fowler.

### Þátttaka í árangri á alþjóðastjórnunarsviði.

Eftir að Clement hafði lokið umdæmisstjóraári sínu og síðan fjölum-dæmisgjaldkeraembætti var komið að máli við hann úr öðru umdæmi og honum tjáð að fjölum-dæmi 22 hefði tækifæri til að bjóða fram til embættis alþjóðastjórnarmanns. Var Clement F. Kusiak beðinn að taka

málið upp á næsta fundi heiðursráðs sem formaður þess (MD 22). Í ljós kom að af 16 umdæmisstjórum voru tveir reiðubúnir að taka að sér embættið, Clement og annar fyrrverandi umdæmisstjóri. Síðan var kosið milli þeirra og Clement F. Kusiak varð fyrir valinu.

Hann hlaut kosningu á alþjóðastjórninni í Denver, Colorado 1988. Í alþjóðastjórn átti hann meðal annars aðild að ákvörðun um Sight First sjónverndarátakið og það ætlunarverk að sporna við blindu og stuðla að endurheimt sjónar.

Ákvörðun hans um að bjóða sig fram til annars vara alþjóðaforseta á alþjóðastjórninni í Osaka 2002 var aðallega byggð á löngun hans til að koma í framkvæmd hugmyndum og áætlunum sem höfðu verið að þróast með honum áratuginn á undan, að stuðla að því að samtök in næðu næðu lengra en áður.

### Áfangastaðurinn

Alþjóðaforsetinn telur óhjákvæmilegt að að við leggjum meiri áherslu á verkefni okkar sem lúta að því að koma í veg fyrir blindu. Hann telur það einnig vera meginverkefni á árunum sem í hönd fara, að skapa ungu fólki möguleika til að gefa af tíma sínum og orku til að leggja lið í sinni heimabyggð.

Það er ætlun alþjóðaforseta að hafa áhrif á Lionsfélaga til að fylgja eftir ætlunarverkum sínum með því að leggja áherslu á að klúbbsformenn og umdæmisstjórnar nái þeim árangri að eiga rétt á 100% viðurkenningu alþjóðaforseta fyrir embættisstörf sín.

Alþjóðaforsetinn 2004 - 2005 er sannfærður um að þegar Lionsfélagar sjá þörfina á því að deila árangrinum af því að leggja lið, hvort sem það er með fjölgun, þátttöku í LCIF, æskulýðsmálum, leiðtogamálum eða almanna-tengslum til bættar ímyndar hreyfingarinnar, með störfum að heimsfriði, góðvild og störfum í þágu samfélagsins, muni það veita þeim varanlega lífsfyllingu. Lokaorð Clement F. Kusiak, alþjóðaforseta í alþjóðastefnumótun hans undirstrika það: „Trúin á ágæti þess að gera eitthvað fyrir aðra er dýrmæt gjöf. Við skulum deila henni með öllum“.



# Alþjóðastefnumótun Lions 2004-2005

Á mælikvarða árangurs er Lionshreyfingin eitt af merkustu afrekum nútímans. Allt frá því að draumur eins manns, tryggingamiðlarans Melvin Jones varð að veruleika, hefur hreyfingunni vaxið fiskur um hrygg og skapað vonir og möguleika fólks um alla jörð.

Árangur í 193 löndum hefur getið Lionshreyfingunni gott orðs yrir að standa í forystusveit hjálparklúbba í heiminum. Árangur rúmlega 1.3 milljón félaga í 46.000 klúbbum nemur hundruðum milljóna dollara til góðgerðarmála auk þess sem munað hefur um athyglisvert framlag í sjálfböðavinnu sem hefur komið fjölmögum til góða á ári hverju. Árangurinn

hefur skilað sér til milljóna ungra, aldinna og annarra sem um sárt hafa átt að binda í svo til öllum löndum heims. Hvílikur árangur og hvílik saga.

Við vitum að við náum árangri. Við vitum það vegna frásagna af verkefnum sem við höfum tekið okkur fyrir hendur. Bros barns sem læknast hefur af fötlun; þakklæti eldri konu sem, vegna notaðra gleraugna sem henni hefur áskotnast þannig að hún sér nú betur en áður og þakkir þorpsbúa fyrir hreint vatn. Stöðugt berast svona sögur sem staðfesta árangur starfs okkar. Þennan árangur getum við þakkað þjónustumarkmiðum okkar og ykkur, Lionsfélögum, Lionessum

og Leofélögum sem gerið þau að veruleika.

Máltækið segir að ekkert leiði af sér meiri ávinning en góður árangur. Því vildi ég við bæta, að árangur missir marks sé honum ekki deilt með öðrum. Árangur sem ekki hefur hlotið viðurkenningu og ekki hefur verið vakin athygli á fellur fljótlega í gleymsku. Án viðurkenningar má skilja það svo að árangurinn hafi verið óæskilegur eða jafnvel skaðlegur. Allt of oft heyrir því fleygt að Lions sé best varðveitta leyndarmál heims. Árangur okkar, sem Lionsfélaga, Lionessa og Leofélaga ætti aldrei að vera falinn, hvorki frá öðrum né okkur sjálfum. Hann verður að vera öll-

um sýnilegur, samfélaginu sem klúbbfélögum. Með því að deila árangrinum leggjum vekjum við ekki aðeins athygli á okkur heldur sannfærum við einnig aðra um að það sé þess virði að ganga til liðs við hreyfinguna.

Sem alþjóðaforseti þetta starfsár hef ég valið mér einkunnarorð: „Deilum árangrinum af því að leggja lið“, markmið sem ég ætla hverjum einasta félaga í hreyfingunni. Ég er sannfærður um með því að deila upplýsingum um árangur okkar á hinum ýmsu sviðum, í gegnum fjölmiðla og með viðurkenningum, þá munum við bæta við þann árangur sem við höfum náð síðustu 87 árin.

## Deilum árangrinum:

### Deilum árangrinum af því að leggja lið börnum og unglingum

Lionsfélagar eru þekktir fyrir að hjálpa blindum og sjónþöprum. Enginn félagsskapur hefur gert meira til að endurheimta og vernda sjónina eða aðstoða þá sem eru blindir en Lionshreyfingin.

Þrátt fyrir þetta hefur farið hljótt sú staðreynd sem byggð er á fjögurra ára könnun, að um heim allan hafa sjálfböðaliðar Lions varið ótal klukkustundum og verulegu fé í að leggja lið unglingum og börnum. Þá ætti ekki að koma neinum á óvart að Lionsfélagar hafa þjálfað ung leiðtogaefni í sambandi við Leoklúbbana, komið á alþjóðlegum unglingaskiptum, efnt til samkeppni ungra listamanna um gerð friðarvegspjalda og staðið að baki lífsleikniverkefninu Lions-Quest.

Í dag líða milljónir barna og unglinga fyrir fátækt, heimilisleysi, ofbeldi, sjúkdóma og fötlun, líkamlega og andlega. Alþjóðasamband Lionsklúbba hefur ekki tók á að bregðast



við öllum vandamálum, en sem félagsskapur á heimsmælikvarða, með þær samfélagsrætur sem hann hefur, er hann í óskastöðu að bæta líf barna með áhrifum í heimabyggð og alþjóðlegu samstarfi.

Á þessu starfsári mun nýtt verkefni, „Lions leggur börnum lið“, gefa Lionsklúbbum tækifæri til að koma til móts við börn í vanda með því að leggja lið til bættrar heilsu og menntunar. Allir Lionsklúbbar geta tekið þátt í þessu verkefni með því að meta þörf barna í sinni heimabyggð og síðan með því að taka á málum.

Þessu til viðbótar hvet ég alla Lionsklúbba til að deila árangrinum með yngri kynslóðinni með stofnun Leoklúbbs. Reynslan sem ungt fólk fær með því að starfa í Leoklúbbum fær það til að meta starf í þágu samfélagsins og undirbý það undir forystuhlutverk síðar á lífsleiðinni. Markmið mitt fyrir starfsárið 2004 - 2005 er að fjölga Leoklúbbum um 3%. Upplýsingar og efni er lýtur að stofnun og stuðningi við Leoklúbba

er fánlegt frá Youth Programs Department á alþjóðaskrifstofunni og á heimasíðu hreyfingarinnar. Allir klúbbar sem taka að sér verkefni sem miða að því sérstaklega að aðstoða börn og unglinga á starfsárinu, fá viðurkenningu frá mér, sérstakt merki á fánann sinn. Umsóknareyðublöð fyrir þessa viðurkenningu geta klúbbar fengið frá Youth Programs Department eða nálgast eyðublaðið hjá LCI


Publications Library á heimasíðunni [www.lionsclubs.org](http://www.lionsclubs.org).

Börnin okkar eru framtíðin. Hjálpum til að skapa þeim bjartari framtíð, hvort sem við deilum árangri okkar með Leofélögum, sköpum möguleika fyrir unglinga að aðstoða aldraða eða gefum barni, sem gleymst hefur, lífsvonina. Tryggjum það að ekkert barn eða unglingur nokkursstaðar verði útundan,

### Deilum árangrinum af baráttu okkar fyrir friði

Fyrsta markmið Lionsklúbba, „Að vekja og efla anda skilnings meðal þjóða heims“ er hvatning til Lionsklúbba um heim allan að vinna að friði með því að setja til hliðar pólitískan ágrenning og mismunun menningarhópa. Hlutleysi Alþjóðasambands Lionsklúbba byggir á þeirri meginreglu að leggja lið án tillits til þjóðernis, stjórn mála og trúarbragða.

Til viðbótar verkefnum í heima byggð ættu allir Lionsklúbbar að hafa fyrir reglu að styrkja að minnsta kosti eitt alþjóðaverkefni í anda þess sem







að ofan greinir. Sé það nú svo að klúbburinn þinn sinni ekki neinu alþjóðaverkefni, þá vil ég benda á nokkra möguleika til að byrja.

- Taka þátt í degi Lions hjá Sameinuðu þjóðunum
- Skipuleggja nýbúaverkefna
- Styrkja LCIF
- Taka þátt í alþjóðlegu þjónustuverkefni
- Muna eftir mánuði alþjóðasamskipta (október)
- Taka þátt í heimsfriðardeginum (24. janúar)
- Senda fulltrúa á alþjóðafing
- Taka þátt í unglingskiptum
- Stuðla að þátttöku í friðarveggspjaldsverkefninu
- Koma á sambandi milli þíns klúbbs og annars í öðru landi

Starfsfólk okkar á alþjóðaskrifstofunni lætur í té upplýsingar um hvernig best er að bera sig að við að taka þátt í þessum verkefnum. Upplýsingar um það má einnig fá á heimasíðu Lions. Í anda friðar geta Lionsfélagar náð að skapa betra líf, betra samfélag og heim þar sem vinátta ræður ríkjum og með því að leggja lið, stuðlað að friðvænlegri heimi.

## Deilum árangrinum af styrkri forystu

Á þeim fjórutíu árum sem ég hef verið félagi í Lionshreyfingunni hef ég oftast en ekki orðið vitni að því hve mikil áhrif markviss forysta getur haft á árangur á starf okkar á öllum stigum í klúbbstarfi samtakanna. Hvert er leyndarmálið að baki árangursríkri forystu klúbba? Stundum er það val á Lionsfélögum sem þegar hafa sannað sig sem leiðtogar, fyrir aðra hefur þjálfunin skipt sköpum.

Alþjóðaskrifstofan hefur ýmsar leiðir til að þjálfva leiðtoga í dag og til framtíðar. Með stofnun Leiðtogaskóla Lions (Lions Leadership Institute) býðst Lionsfélögum sem verið hafa klúbbfélagar í átta ár eða

skemur og verið formenn nefnda frábært tækifæri til að þróa forustuhæfileika sína sem mun gera þeim kleift að taka að sér formennsku. Að auki býðst námskeið fyrir MERL-nefndarformenn fjölum dæma, þeim sem eru í fararbroddi í félagsmálum, útbreiðslumálum, félagavörslu og leiðtogahlutverki (Membership Extension Retention Leadership).

Fjórtaán leiðtogaskólar og tvö námskeið fyrir MERL-nefndarforenna eru á dagskrá þessa starfsárs.

Áfram verður stutt við svæðisbundna leiðtogaskóla og leiðtoga námskeið fjölum dæma. Þeim fjölum dæmum sem þátt taka í þessum verkefnum fer fjölgandi.

Lionsfélagar um heim allan hafa nú aðgang að Lions Learning Center, (LLC) á heimasíðu hreyfingarinnar. Þessi síða verður uppfærð reglulega og betrubætt þetta starfsár og veitir þannig Lionsfélögum tækifæri til að til að auka við þekkingu sína um Alþjóðasamband Lionsklúbba og skerpa forystuhæfileika sína.

Í ár fengu verðandi umdæmisstjórnar og makar þeirra þjálfun í stjórnun á umdæmisstjórnarskólanum ásamt upplýsingum um viðamikla verkþætti sem hreyfingin býður upp á. Nýtt í fræðslunni var tímastjórnun, unglingsmálefni, þjónustumálefni og viðurkenningar.

Þessir skólar, námstefnur og námskeið stuðla að árangri klúbbformanna og umdæmisstjóra. Þetta geta Lionsfélagar nýtt sér til ávinnings þegar þeir taka að sér ábyrgðarstörf innan klúbbs eða umdæmis. Ég er sannfærður um að þessar fræðslustofnanir verða til þess að fleiri Lionsfélagar verði aðnjótandi æðstu viðurkenninga fyrir störf sín sem klúbbformenn og umdæmisstjórnar, þ.e.a.s. 100% viðurkenningu.

## Viðurkenningar fyrir árangur

Viðurkenning fyrir árangursríkt starf er eitt af áhersluatriðum hreyfingarinnar og á ábyrgð hvers einasta Lionsfélaga í forustuhlutverki.

Hugsum eitt augnablik um þau jákvæðu áhrif sem viðurkenning getur haft. Ef rétt er að staðið getur hún leyst úr læðingi orku til aukinna at-hafna. Hún getur byggt upp traust, styrkt starfsvilja og hvatt viðtakanda til árangurs.

Hvort sem þú ert formaður, umdæmisstjóri eða alþjóðastjórnarmaður, þá er nauðsynlegt að þú gerir þér grein fyrir að veiting viðurkenningar er mikilvæg. Fyrir Lionsfélaga er ekkert meiri hvatning en viðurkenning á því að starf hans hafi skipt máli.

Veiting viðurkenningar, formleg eða óformleg, skyldi ætíð vera einlæg og ákveðin og að sjálfsögðu verðskulduð. Viðurkenning af greiðasemi en ekki fyrir verðleika færir viðtakanda takmarkaða ánægju.

Eins og í mörgu öðru krefst viðurkenning þess að með varúð sé farið. Það er af þeim sökum að samin hefur verið ný leiðbeiningarbók, The Art of Recognition. Í leiðbeiningunum eru leiðir sem prófaðar hafa ver-

Viðurkenning er góð leið fyrir okkur öll til að deila árangri. Hún kallar fram það besta í þeim sem hana þiggja. Gerum það hluta af lífsmunstri okkar í einkalífi og starfi.

## Deilum árangrinum af almannatengslum

Eitt af aðalmarkmiðum mínum þessa starfsárs sem alþjóðaforseti er að fræða almenning um hreyfinguna með því að deila árangri okkar með fjölmiðlum. Með heimasíðu hreyfingarinnar og margra klúbba og umdæma höfum við náð góðum árangri með því að auka aðgengi að upplýsingum um hvað Lionsklúbbarnir eru að gera. En það þarf að gera betur, bæði á heimavelli og á heimsvísu, til að deila árangri okkar í gegnum fjölmiðla.

Á alþjóðafinginu í Detroit voru tvær námstefnur um fjölmiðlun. Önnur fjallaði um gerð fréttatilkynninga og á hinni voru pallborðsumræður fjölmiðlafólks og Lionsfélaga



id til viðurkenningar á árangri og kynntar eru nýjar aðferðir fyrir klúbba og umdæmisforystu. Í sérstökum kafla eru 180 mismunandi tegundir viðurkenninga sem fánlegar eru fyrir verðuga félaga frá alþjóðaskrifstofu Lions.

Reglur um 100% viðurkenningu umdæmisstjóra hafa verið endurskoðaðar og þeim breytt til að gera megi ráð fyrir sérstökum árangri í starfi. Lionshreyfingin væri ekki stærsta hjálparklúbbahreyfing veraldar án frábærra forystumanna og kvenna. Ég er sannfærður um að endurskoðaðar reglur verða til þess að gera öllum umdæmisstjórum mögulegt að setja sér raunhæf markmið fyrir umdæmi sín. Umdæmisstjórnar eru nú hvattir til þess að heimsækja klúbba, hvern og einn, eða saman á svæðisfundi þar sem klúbbfélagar gefa skýrslu um málefni klúbba sinna og skiptast á upplýsingum við umdæmisstjóra eða fulltrúa hans til að styrkja klúbb og umdæmi, en það hefur gefið góðan árangur.

um hvernig upplýsa mætti almenning um verkefni Lionshreyfingarinnar. Báðar þessar námstefnur kenndu okkur ýmislegt um aðgengi að fjölmiðlum og hvernig koma má boðskap okkar á framfæri með margmiðlun.

Að auki verður áfram unnið að fjölmiðlaverkefninu „Matching Grant“ á starfsárinu. Þetta verkefni gefur umdæmisstjórum möguleika á að sækja um allt að eitt þúsund dollara til stuðnings almannatengslum/auglýsingum í heimabyggð. Umsóknnum er hægt að koma á framfæri á heimasíðu hreyfingarinnar.

Á þessu starfsári fá umdæmisstjórnar sérstakan búnað til árangursríkari almannatengsla. Þetta er ferðasýning sem segir sögu Lions og nota má í kynningu fyrir hópa. Þetta er enn ein leiðin til að deila með öðrum árangrinum af árangursríkum almannatengslum.

Í anda þess að „deila árangri“ hefur almannatengsla og útgáfudeild hreyfingarinnar skapað „Lions in

Action“, nýjan kafla á heimasíðu Lionshreyfingarinnar. Í hverjum mánuði verða kynnt þrjú til fjögur verkefni sem klúbbar hafa tekið sér fyrir hendur. Klúbbar verða hvattir til að taka upp samskonar verkefni til að mæta þörf á heimaslóðum og einnig hvattir til að senda inn upplýsingar um eigin verkefni til viðurkenningar á heimasíðu og í Lionsblaðinu.

## Deilum árangrinum af félagapróun

Á því er enginn vafi að það sem vegur þyngst á vogarskálinni til árangurs er að bjóða nýjum félögum að taka þátt í klúbbstarfinu. Við erum hreyfing sem hefur einsett sér að ná árangri í að leggja öðrum lið. Ég hef oft heyrt að það séu verkefni sem skipti mestu máli, ekki stærðir klúbbanna eða umdæmanna. Það er talsvert til í því. Það hlýtur jú að vera meira virði að sinna barni sem þjáist sé en að hafa áhyggjur af því hversu margir félagar séu í klúbbi eða klúbbar í umdæmi.

Uppbygging styrkrar félagsheildar er samt enginn dragbítur á það að

ingu þeim sem náð hafa árangri í fjölgun og útbreiðslu.

Til að ná markmiði okkar og til að leggja áherslu á mikilvægi þess hef ég falið alþjóðastjórnarmönnum að vera vinna náð með fjölmæmisstjórum, umdæmisstjórum, námstefnustjórum varaumdæmisstjóra og MERL nefndarmönnum í samstilltu átaki til fjölgunar.

## Deilum árangrinum af LCIF

Mannúðarverkefni sem studd eru af LCIF vega þungt í sögu Lionshreyfingarinnar. Afreksverkin sem unnin hafa verið eru fleiri en svo að hægt sé að telja þau upp hér, en mig langar mig að nefna nokkur.

- Með „Core 4“ fjárveitingu sem nam 2.3 milljónum dollara var hægt að skoða augu 200.000 barna og 11.000 þeirra bíða nú eftir að komast í aðgerð.
- Frá 1982 hefur LCIF látið 5 milljónir dollara, hæstu framlög frjálsra félagasamtaka, af hendi rakna til sykursýkisrannsókna.



leggja lið. Í raun hið gagnstæða. Því meiri sem styrkur okkar er, því meiri eru möguleikar okkar að mæta vandamálum sem fara vaxandi heima fyrir og um heim allan. Jafnframt auknum fólksfjölda og flóknum samfélagsþáttum verðum við einnig að vaxa og halda í við þær breytingar sem eru að gerast í kringum okkur.

Ég hef sett mér það markmið fyrir starfsárið 2004-2005 að fjölga í hreyfingunni um 5% umfram það sem félagafjöldinn var 1. júlí 2004. Ef við gerum okkar besta til að ná þessu markmiði efast ég ekki um árangur. Ég mun veita formönnum Lionsklúbba sérstaka viðurkenningu sem fjölga um 20 eða fleiri frá 1. júlí 2004 til 30. júní 2005. Eg mun einnig veita demantsprjón og forsetaviðurkenn-

- LCIF hefur samþykkt leggja fram 600.000 dollara til að þróa og framleiða ódýr hágæða heyrnartæki sem gerir Lions mögulegt að vera í fararbroddi til að bæta líf milljóna heyrnardaupra um heim allan.
- LCIF tók yfir einkaleyfi Lions-Quest 2002 til endurbæta verkefnið og styðja til samvinnu Lionsklúbba og fræðslufirvalda. Í dag hafa rúmlega 6 milljónir unglunga notið góðs af Lions Quest náms-efninu.
- 3.75 milljónir dollara voru veittar úr SightFirst-söfnuninni til sjónverndarstöðva og þjálfunarnámskeiða í 30 löndum í samvinnu við Alþjóða heilbrigðismálastofn-

unina WHO til að koma í veg fyrir barnablindu.

- Á árinu 2002 lauk fyrsta áfanga í LCIF SightFirst China Action (SFCA) í Kína með stuðningi við 2.1 milljónir aðgerða vegna skýs á auga og stofnun augnlækningastofa í 104 héruðum. Í öðrum áfanga var fjárveiting SightFirst 15.5 milljónir dollara á móti framlagi kínverskra stjórnvalda sem nam 200 milljónum dollara. Markmið annars áfanga er að framkvæma að minnsta kosti 2.5 milljónir aðgerða vegna skýs á auga og stofna deildir á spítölum í 200 sveitahéruðum og Tíbet.
- Með samvinnu við Special Olympics hafa nærri 42.000

Olympíufarar fengið augnskoðun í endurgjaldsloftum sem hefur ekki aðeins haft í för með sér bætt sjón heldur einnig komið í veg fyrir blindu vegna þess að komið hefur verið í veg fyrir augnsjúkdóm í tæka tíð. Þessi góði árangur á skilið áframhaldandi stuðning.

Umdæmisstjórar gegna mikilvægu stuðningshlutverki að því er varðar verkefni LCIF meðal klúbba í umdæminu. Sem alþjóðafulltrúar hreyfingarinnar er það á þeirra herðum samkvæmt lögum hreyfingarinnar að vekja athygli á alþjóðahjálparstöðum. Á þessu ári mun ég fylgjast sérstaklega með því að fleiri umdæmi og klúbbar geri sér far um að stuðla að vexti og viðgangni LCIF



Við vitum að við höfum náð og munum halda áfram að ná árangri í ætlunarverki okkar að leggja lið. Í stóru og smáu vinnum við að þessu dag hvern. Líf Lionsfélaga, Lionessa og Leofélaga einkennist af áhuga, ásetningi, krafti og friði, en það gefur starfinu gildi.

Að vera Lionsfélagi, Lionessa eða Leofélagi er að vera einlægur, áhugasamur og trúr í starfi. Við setjum okkur markmið með það að leiðarljósi að ná árangri. Ef til vill meiri en við gerum okkur grein fyrir. Við erum sterk samtök með möguleika til stórra verka á heimsmælikvarða. Kjarni styrks okkar er einlæg trú á gjafmildi þar sem við vinnum að markmiðum okkar í góðum félagsskap og með varðveislu samhljóms góðs vilja að leiðarljósi hvar sem við förum. Trúin á ágæti þess að gera eitthvað fyrir aðra er verðmæt gjöf. Við skulum deila henni með öllum.

Með kveðju.

*Clement F. Kusiak*

Clement F. Kusiak  
Alþjóðaforseti Lions



KLÚBBATÍÐINDI - KLÚBBATÍÐINDI - KLÚBBATÍÐINDI - KLÚBBATÍÐINDI

Guðrún Björt Yngvadóttir, Lkl. Eik Garðabæ

## Skemmtikvöld Eikar í Holtsbúð í Garðabæ



Lkl. Eik í Gaðabæ heldur tvisvar á ári skemmtikvöld fyrir vistmenn á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Holtsbúð í Garðabæ. Boðið er upp á meðlæti með kaffinu og til skemmtunar er m.a. upplestur, söngur og síðast en ekki síðst er dúndrandi dans við undirleik Kára (hennar Ólafar), sem er e.k. hirðspilari klúbbsins. Vist-

menn kunna vel að meta heimsókn Eikarkvenna og taka vel undir í fjöldasöng og ekki síður í dansinum. „Svona á þetta að vera, það var alltaf dansað um hverja helgi í gamla daga“, sagði einn dansherrann við Eikarkonuna, sem hann var svo huggulegur að bjóða upp í dans.

## Vímuvarnahlaup 5. bekkjar

Hið árlega vímuvarnahlaup 5. bekkinga í Flata- og Hofstaðaskóla fór fram í maí. Það er Lionsklúbburinn Eik í Garðabæ sem stendur fyrir hlaupinu í samvinnu við skólana. Að þessu sinni fór Sóley Halldórsdóttir kennari og handboltakona með Lionskonum í skólana, ræddi við krakkana um skaðsemi vímuefna og hvatti þau til heilsusamlegra lífnaðarháttá.

launapeninga og allir þátttakendur viðurkenningarskjal.



Lið 5. AMH í Hofstaðaskóla.

Hlaupið var spennandi í báðum skólum og fór vel fram. Hlaupið var 6 x 100 m boðhlaup. Í Flataaskóla vann lið 5. SG og í Hofstaðaskóla var það lið 5. AMH sem vann. Vinningsliðin fengu bikara og verð-



Lið 5. SG Flataaskóla.

## Erla Lúðvíksdóttir form. ferða- og útivistarnefndar

# Út í bláinn með Lionsklúbbnum Eik, Garðabæ



Eikarkonur með gúrkumjöld í niðurskornum gúrkum.

Í nýlegri ferð Lkl. Eikar út í bláinn var Hafíð bláa við Ölfusárósa fyrsti áfangastaður. Ferða- og útivistarnefnd lét ekkert uppi hvert ferðinni væri heitið og því getgátur á lofti alla leið austur yfir fjall. Á áfangastað beið rjúkandi sjávarréttarsúpa sem smakkaðist mjög vel. Fljótleg komu fleiri hópar til að gera henni skil en það fólk var komið til að skoða norðurljósin.

### Grænn kostur og gúrkuglas

Eftir súpuna var haldið í aust-

urátt og Selfoss fljótlega í auglýsni. Farþegarnir veltu enn fyrir sér hvert ferðinni væri heitið en þegar beygt var yfir Ölfusárbrúna og í átt til Reykjavíkur sýndist flestum að þessi ferð ætlaði að verða stutt. Það létti því mörgum þegar rútan beygði inn í Hveragerði og þræddi krókotta leið að Garðyrkjustöð ríkisins. Þar tók Guðrún Þórðardóttir á móti hópnum, margfróð um öll húskynni, hvort sem þau eru ætluð fyrir ræktun eða skólalald. Hópnum var boðið að smakka heimaræktaða banana og

ýmsan grænan kost en með þessu var borinn ljúffengur gúrkumjöldur í niðurskornum gúrkum sem búið var að hola að innan. Smakkaðist þetta allt vel og ekki verra að síðan mátti borða gúrkuglasíð þegar lokið var út því.

Áður en hópurinn kvaddi gestgjafann benti hún á lítið fornt tré

hvers ber eru sögð gefa efnivið í mikið auglýsta vöru í dag, í pilluformi, en þær eru sagðar bæta minnið til muna. Var þetta mörgum til skemmtunar, ekki síst þeim sem ýmsu gleymdu varðandi ferðina, ef þær mundu þá nokkuð að þær ætluðu með.

### Um ferðina kvað Erla S. Lúðvíksdóttir

Er mættu fáar í ferð út í bláinn frestaðist brottför um stund úr rútnu hringt í hasti um bæinn og hremmd þannig ein og ein sprund.

Mæting í ferðina fór ei að vonum heyra og fæst af því lærdómur að minniskubbar í mörgum konum mikið nú láta á sjá.

En eftir súpu hjá sjónum bláa stefnt var á óræð mið í dimmu ekið um flatlendi og flóa uns fundust hin grænu svið.

Í Garðyrkjuskóla gott eitt að sá um grænmeti og gleymskutréd af gúrkusafa því gleypum meira og glasið svo átum við með.



Eikurnar Rúth og Laufey.



KLÚBBATÍÐINDI - KLÚBBATÍÐINDI - KLÚBBATÍÐINDI - KLÚBBATÍÐINDI -

Elisabet Jensdóttir, formaður Pernunnar, Hellissandi

# Óvenjulegir tískustraumar



Signý, Jóhanna og Beta

Sameiginlegur fundur fjögurra Lionsklúbba í Snæfellsbæ í boði Lkl. Nesþinga Hellissandi var haldinn þann 20 janúar með umdæmisstjóra og svæðisstjóra 109 B, þeim Einari Þórðarsyni og Gunnlaugi Árnasyni. Einnig sótti fundinn vara-umdæmisstjóri Stefán Skarphéðinsson.

Fundurinn var athyglisverður ekki síst fyrir ágætan gest fundarins, Jóhönnu Kristjónsdóttur, sem hélt fyrir okkur fræðandi og skemmtilegan fyrirlestur um málefni araba. Jóhanna hefur eins og flestir vita starfað mikið og búið í arabalöndum og þekkir hefðir og siði þessa svæðis vel. Sumt af því sem hún sagði kom okkur á óvart meðal annars að í raun væri ekki skylda fyrir konur að ganga með slæður fyrir andliti held-

ur væri það þeirra val og þá aðalega til að verja sig sjálfar fyrir forvitnum augngotum. Einnig kynnti hún fyrir okkur að þar eins og víða annars staðar réði tiskan ríkjum varðandi val á slæðum og af því tilefni bað hún tvær konur að koma til sín og sýna tvær slæður. Önnur væri hefðbundin og algeng hvít slæða en hin væri hátíska nú um mundir. Skiptar skoðanir voru á því hvor færi betur og aðallega var nú haft gaman að þessari uppákomu.

Eftir fyrirlesturinn voru leyfðar fyrirspurnir og komu þær margar bæði alvarlegar og hnyttnar og svaraði hún þeim skilmerkilega eftir því sem við átti. Þegar allt kemur til alls held ég að þetta hafi verið bæði upplýsandi og hin besta skemmtun.

Ekki var verra að vera í hópi fjögurra öflugra Lionsklúbba en aðrir viðstaddir voru Lkl. Rán, Lkl. Ólafsvíkur og Lkl. Nesþinga sem allir eru virkir klúbbar sem Snæfellsbær getur verið stoltur af að eiga og oft hafa

látið að sér kveða í samfélaginu sem við búum í.

Lionsklúbbi Nesþinga vil ég fyrir hönd minna félaga þakka fyrir gott boð um leið og ég óska þeim velfarnaðar í starfi og leik

## Ómar og Skúli skrifa frá Lionsklúbbi Nesþinga.

# Kútmagakvöld í Röst, Hellissandi



Þeir Leifur Jónsson t.v. og Sigurður Kristjánsson standa glaðhlakalegir yfir kútmagatrogunum og veifa þeim við enda veisluborðsins.

Eitt af vetrarverkefnum Lionsklúbbs Nesþinga í samvinnu við Slysavarnadeildina Helgu Bárðardóttir á Hellissandi og Leikfélag Ólafsvíkur er að standa fyrir og halda kútmagakvöld. Þangað eru boðnir eldri borgarar Snæfellsbæjar en auk boðsgestanna mæta þar félagar og makar þeirra úr ofanefndum félögum. Á borðum eru kútmagar ásamt miklu úrvali sjávarrétta Veisla þessi fór nú fram 24. janúar og var mæting mjög góð eins og venjulega. Þétt setið við öll borð í Röstinni.

### Undirbúningurinn

Undirbúningur að þessu kvöldi hefur langan aðdraganda og eru þeir

Sigurður Kristjánsson og Leifur Jónsson sem báðir eru stofnfélagar í Lionsklúbbum jafnan leiðandi í undirbúningsflokknum. Þegar komið er að kútmagakvöldsdeginum sjá Lionsmenn um að undirbúa veislusalinn en konurnar úr slysavarnadeildinni og leikfélaginu sjá um matseldina og um undirbúning kútmaganna og annara kræsinga.

Félagar Lionsklúbbs Nesþinga voru duglegir við að mæta á þessa skemmtun enda ekki vanþörf á þar sem þeir voru skemmtikraftar og sáu einnig um að hreinsa og bera fram af borðum og síðan færa gestum kaffi og konfekt. Hljómsveitin BÍT lék svo fyrir dansi fram eftir nóttu.

## Lionsmenn í góðgerðarverkum



Félagar úr Lionsklúbbi Akureyrar vorðu hluta úr deginum á annan í hvítasunnu við að undirbúa undir steypulögn þar sem á að koma sólpallur fyrir heimilisfólkið á Seli, hjúkrunardeild við Fjórðungs-sjúkrahúsið. Árlega í júní hefur svo verið farið austur að Ástjörn og hjálpað til við ýmis verkefni þar. F.v. Stefán, Sigurður Elisson, Jón, Magnús, Valdimar, Jakob, Héðinn og Sigurður Halldórsson.



- KLÚBBATÍÐINDI - KLÚBBATÍÐINDI - KLÚBBATÍÐINDI - KLÚBBATÍÐINDI

**Pétur Már Jónsson, fráfarandi formaður og  
Guðmundur Bjarnason, form. Sérverkefnanefndar, Lkl. Víðarri:**

# Hjartsláttartruflanir

**Söfnun til kaupa á greiningar- og meðferðarbúnaði  
sem nýtast mun 150–200 manns árlega**

Upphaflega vaknaði áhugi félaga í Lkl. Víðarri á þessu verkefni fyrir nokkrum árum, en svo vildi til að einn félagi okkar var orðinn mjög illa hrjáður vegna óreglulegs hjartsláttar. Einnig vildi svo til að í klúbbnum er læknir sem starfar á LSH, og er eitt verkefna hans einmitt að kljást við slíkar truflanir.

Þessi búnaður leysir annan eldri af hólmi en með nýjum búnaði er unnt greina vandann fyrr og er meðferðin einnig miklu nákvæmari. Nú er hægt að fást við erfiðari tilvik hjartsláttartruflana sem áður þurfti að senda úr landi. Talið er að um 2.000 til 3.000 Íslendingar þjáist af hjartsláttartruflunum, og að tækið muni nýtast 150–200 manns árlega. Slíkar hjartsláttartruflanir geta hrjád bæði börn og fullorðna. Lækningin er varanleg í flestum tilvikum.

## Kostnaðurinn

Í fyrstu héldum við að slíkt tæki kostaði einungis fáar milljónir króna en fljótlega kom í ljós að fullkominn búnaður mynda kosta nokkra tugi milljóna. Nánar tiltekið um 400.000 dollara eða um 30 milljónir króna á núverandi gengi. Við fylltumst því í upphafi vonleysi um að við - einn Lionsklúbbur - gætum ráðið við svona stórt verkefni.

En þegar neyðin er stærst er hjálpin næst. Jónínusjódur, - minningarsjódur um Pálma heitinn Jónsson - ákvað að veita 200.000 dollara til kaupa á hluta búnaðarins. Sá hluti búnaðarins var síðan boðinn út og mun verið að ganga frá kaupum á honum.

En eftir voru þá um 200.000 dollarar eða um 15 millj. króna. Við leit- uðum til Alþjóðahjálpar sjóðs Lionshreyfingarinnar (LCIF), og eftir að hafa fundað með þáverandi formanni sjóðsins á Lionsþinginu í Hafnarfirði og notið góðrar hjálpar forsvarsmanna í íslensku Lionshreyfingunni, og að öðrum ólöstuðum skal Jón Bjarni Þorsteinsson sérstaklega nefndur, fengum við 65.000 dollara framlag úr sjóðnum.

Eftir voru þá 125.000 dollara eða



Á myndinni eru frá vinstri: Pétur Már Jónsson, fráfarandi formaður Lkl. Víðarri, Gizur Gottskálksson, læknir og félagi í Lkl. Víðarri, Annalís Magnúsdóttir, Austurbakka, Hörður Hákonarson, Austurbakka, Guðmundur Bjarnason, form. sérverkefnanefndar Lkl. Víðarri.

um 9,0 millj. króna. Þegar við höfðum fengið upplýsingar um styrkveitingu LCIF ákváðum við að reyna að ljúka söfnuninni sl. vetur. Við settum á fót sérstaka nefnd undir forystu Guðmundar Bjarnasonar til að sinna þessu verkefni. Það gleður okkur að geta nú sagt frá því að við erum komnir á leiðarenda og erum búnir að panta okkar hluta tækisins, þannig að allur búnaðurinn á að vera kominn upp á Landsspítalanum síðsumars eða í haust. Innifalið í verðinu er uppsetning tækisins og þjálfun starfsfólks.

## Þátttaka Lionsklúbba

Þetta hefur tekist með góðri aðstoð margra aðila. Við höfðum samband við alla Lionsklúbba landsins og buðum þeim að vera með okkur í þessu verkefni. Undirtektir klúbbanna voru mjög góðar og alls standa 17

klúbbar að þessu með okkur. Fyrir það viljum við þakka félögum allra klúbbanna sem sett hafa fé í verkefnið með okkur. Ásamt Lkl. Víðarri hefur Lkl. Freyr lagt söfnuninni mest fé eða um 2,5 millj. króna hvor klúbbur. Innifalið í hluta Víðarri eru kr. 500.000 framlag úr Rauðu Fjaðrar söfnuninni fyrir fjórum árum. Við lítum svo á að við stöndum sameiginlega að þessu verkefni með öllum klúbbunum og þá sérstaklega Frey. Það var líka krafa LCIF fyrir slíkri styrkveitingu að góð samstaða væri í íslensku Lionshreyfingunni um verkefnið og að nokkur fjöldi klúbba stæði saman að verkefninu.

## Aðrir lögðu lið

Einnig þökkum við kærlega öðrum aðilum sem voru svo vinsamlegir að leggja okkur lið, en þeir voru:

Landssamtök hjartasjúklinga og

nokkur svæðissamtök með kr. 2.250.000.

Vátryggingafélag Íslands hf. með kr. 900.000. Einnig mun KB-banki styrkja okkur.

Þá hefur okkur verið tilkynnt að við munum fá kr. 300.000 framlag til verkefnisins úr Rauðu Fjaðrar söfnuninni, sem fram fór í ár, enda mun tækið nýtast börnum með hjartsláttartruflanir eins og áður hefur komið fram.

Við erum þess fullvissir að þetta framtak verði íslensku Lionshreyfingunni til sóma og framdráttar og muni vekja verðskuldaða athygli á henni. Þetta sýnir líka hverju við getum áorkað ef við leggjum okkur fram. Við viljum þakka öllum, sem hafa hjálpað til á einhvern hátt í þessu átaki, kærlega fyrir þeirra aðstoð. Án sameiginlegs átaks margra hefði þetta ekki tekist.

## Einar Þórðarson, félagastjóri fjöllumdæmis Leggjum rækt við embættisstörfin

Nýtt starfsár fer í hönd og byrjað er á velja félagi í hin ýmsu embætti eins og klúbbstjórnir, nefndir, umdæmisstjórn og fjöllumdæmisráð. Misjafnlega gengur að fá fólk til starfa og eru margir kallaðir til. Öll embætti eiga það sameiginlegt að þeim fylgir

- *ábyrgð*; embættismaður ber ábyrgð á ákveðnum málaflokki eða verkefni
  - *vinna*; til að sinna embætti þarf að leggja til ákveðinn fjölda vinnustunda
  - *skyldur*; skyldur geta verið að halda fundi eða stjórna ákveðnum verkefnum
  - *kröfur*; hverju starfi fylgja ýmsar kröfur, eins og greinaskrif eða skýrsluskil
- Oft fer nú svo að árangur í lok starfsárs er ekki sá sem stefnt var að. Hvað er þá til ráða?

Við viljum flest sjá árangur og að hann sé sýnilegur. Til að tryggja góða uppskeru þurfum við að leggja rækt við þau embættisstörf sem við tökum að okkur. Við skulum gera okkur strax grein fyrir þessum ofantölu atriðum; ábyrgð, vinna, skyldur og kröfur (ÁVSK).

*Dale Carnegie sagði „Þú nærð ekki raunverulegum árangri í lífinu nema þér líki það sem þú ert að gera“.*

Setjum okkur því markmið strax í byrjun starfsárs, verum jákvæð og gerum ráð fyrir ákveðnum fjölda vinnustunda í það starf sem við ætlum að taka að okkur. Þá verður starfsárið miklu léttara og við erum tilbúnari að leysa embættisstarfið vel af hendi. Sjálfbodaliðastarf er fornfúst starf en gefandi. Ef vel er unnið þá verður uppskeran góð og árangur sýnilegur.



### HÍFI- OG FESTINGABÚNAÐUR

Nýi vörulistinn okkar fyrir hífi- og festingabúnað er kominn út!  
Vinsamlegast hafið samband við sölumenn okkar.



## Jón Eyjólfur Jónsson, menningarstjóri Orkester Norden

Glæsilegur hópur íslenskra ungmenna var með í Orkester Norden þetta árið, en tólf Íslendingar komust að.

Það er íslenskum tónlistarnemendum ómetanlegt að fá tækifæri til slíkra æfinga og þjálfunar og á Lionshreyfingin hvatann og frumkvæðið að þessu.

Farið var í tónleikaferð til Danmerkur, Svíþjóðar og Noregs og á efnisráðuneytinu var verk eftir Hauk Tómasson, Ardente, en einnig Fiðlukonsert eftir Jean Sibelius, Sinfónía nr. 8 eftir Shostakovich og Sinfónía nr. 1 eftir Johannes Brahms.

Það er von okkar Lionsmanna að Orkester Norden eigi eftir að starfa um ókomin ár og veita ungu fólk á Norðurlöndum tækifæri til að kynna og efla samkennd sín á milli auk þess að þjálfa sig í tónlistinni.



Hluti hópsins, en Ari Vilhjálmsson var konsertmeistari.



Tónleikar í Háskólanum í Osló.

## Þór Steinarsson skrifar Fjörgynjarfréttir Starfið í hnotskurn

Félagar í Lkl Fjörgyn voru virkir í félagsstarfi sínu síðastliðinn vetur. Tónninn var sleginn með góðri helgarferð til Búdapest ásamt mökum strax við upphaf starfsárs. Stjórn klúbbsins skipuðu Ólafur Oddson formaður, Friðrik Már Bergsveinsson ritari og Sverrir Guðmundsson gjaldkeri.

Í nóvember var blásið til stórtónleika í Grafarvogskirkju þar sem söfnuðust 1,5 milljónir til BUGL.

Barnaspítala Hringsins voru afhentir tveir „monitorar“ sem nýtast

til að fylgjast með hjartslætti og súrefnismettun blóðs.

Herrakvöld klúbbsins gekk vel og var ekki hægt að koma fleiri inn í salinn í Valsheimilinu. Að venju var svo páskaþing þar sem klúbbfélagar ásamt mökum, börnum og barnabörnum kepptu um páskaegg.

Þar sem formaður klúbbsins var erlendis í lok starfsárs fóru formleg stjórnarskipti fram á félagsfundinum í lok apríl. Þar var fimmti nýi félaginn tekinn inn í klúbbinn á starfsárinu.



## Svipmyndir frá alþjóðafingi Lions í Detroit í byrjun júlí



## Svipmyndir frá Landsþingi Lions á Sauðárkróki í lok maí





# VÖRURNAR FRÁ VATNSVIRKJANUM EIGA HEIMA HJÁ ÞÉR



Gæða sturtuklefar frá Macro í Svíþjóð. Margar gerðir og stærðir.



Stálvaskar og blöndunartæki. Falleg ítölsk hönnun í mörgum verðflokkum.



Handlaugar og baðker í mörgum útfærslum frá Valadares og Indusa.



VATNSVIRKINN

- Í hálföld -

Vatnsvirkinn

Ármúla 21 108 Reykjavík

Sími : 533 2020

Fax : 533 2022

[www.vatnsvirkinn.is](http://www.vatnsvirkinn.is)